til vinnustöðvunar á því, þó stefnandi hafi ekki s.l. vor mótmælt verkfalli því, er þá var boðað.

Samkvæmt framansögðu verður að telja, að þar sem ekki hefur verið gætt skýlausra fyrirmæla 15. gr. laga nr. 80/1938, um ákvörðun um að hefja verkfall það, sem um ræðir í máli þessu, og hófst 3. þ. m., verði ekki hjá því komizt að dæma það ólögmætt, og geta yfirlýsingar þær, er borizt hafa frá verklýðsfélögunum eftir á, um að þau hafi verið samþykk framangreindri fyrirskipun stefnda, ekki haggað þeirri niðurstöðu. Ber því að taka dómkröfur stefnanda til greina.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 500.00.

Því dæmist rétt vera:

Verkfall það, er stefndi, Alþýðusamband Íslands, ákvað að hefja og hófst 3. maí 1944, er ólögmætt.

Stefndi greiði stefnanda, Geir G. Zoëga f. h. ríkisstjórnar Íslands, kr. 500.00 í málskostnað, innan 15 daga frá birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 21. júní 1944.

Nr. 1/1944. **Alþýðusamband Íslands f. h. Verkamannafélagsins Dagsbrúnar** (Ragnar Ólafsson hrl.)
gegn
Vinnuveitendafélagi Íslands (Eggert Claessen, hrl.).

Úrskurður.

Mál þetta er höfðað af Alþýðusambandi Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar gegn Vinnuveitendafélagi Íslands með stefnu 24. apríl þ. á. Er málið risið út af ágreiningi um það, hvaða merkingu beri að leggja í orðið „lýsisbræðsla“ í 5. gr. kjarasamnings, dags. 22. febr. 1944, milli Dagsbrúnar og stefnda. Orð þetta er talið vera komið inn í samninginn að tilhlutan sáttasemjara ríkisins eða sáttanefndar, er að sáttum vann með honum, meðan á samningum stóð.

Í þinghaldi 14. þ. m. óskaði stefnandi eftir fresti til þess að

kveðja sáttasemjara ríkisins og sáttanefndina hér fyrir dóm, til þess að fá vitnisburð þeirra um það, hvað þeir hefðu talið að fælist í umdeildu orði. Þá krafðist stefnandi og frests til þess, að þeir stjórnarnefndarmenn Dagsbrúnar og samninganefndarmenn, sem fjölluðu um þetta samningsatriði, gætu fyrir dómi gefið aðiljaskýrslu í málinu.

Stefndi mótmæli því, að frestur yrði veittur til nefndrar vitnaleiðslu og aðiljayfirheyrslu. Studdi hann mótmæli sín þeim rökum, að óheimilt sé að krefja sáttasemjara eða sáttamenn í vinnudeilum skýrslna um það, hvað fram hafi farið á sáttafundum. Þá taldi hann og, að sér væri algerlega óviðkomandi, hvað fram hefði farið milli sáttamanna og umboðsmanna Dagsbrúnar á sáttafundum, án sinnar vitundar og því þýðingarlaust fyrir málið að leita upplýsinga um það með vitnaleiðslu eða aðiljayfirheyrslum.

Samkvæmt síðustu málsgrein 28. gr. laga nr. 80/1938, er bannað að skýra frá eða leiða vitni um, hvað aðiljar hafa lagt til á sáttafundi, nema báðir aðiljar samþykki. Ekki verður talið, að í þessu ákvæði felist algert bann við því, að sáttasemjari eða sáttamenn beri vitni til skýringar á samkomulagi, sem náðst hefur milli aðilja á sáttafundi, og verður slíkt bann ekki heldur leitt af öðrum lagaákvæðum. Með því að skýrslugjöf af hálfu sáttamanna þarf þannig ekki að brjóta í bág við 28. gr. laga nr. 80/1938, en hins vegar ekki útilokað, að hún gæti orðið til nota við úrlausn málsins, þykir rétt, að stefnanda gefist kostur á, að umbeðin vitnaleiðsla geti farið fram. Þá verður ekki á þessu stigi málsins fullyrt, að aðiljaskýrslur forráðamanna Dagsbrúnar og samninganefndar hljóti að verða þýðingarlausar fyrir úrslit málsins, og ber því með tilvísun til 115. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938 að veita stefnanda kost á að koma þeim á framfæri hér fyrir dómi.

Samkvæmt framansögðu veitist stefnanda frestur til umbeðinnar vitnaleiðslu og aðiljayfirheyrslu.

Því úrskurðast:

Stefnandi fær frest í máli þessu til framan nefndrar vitnaleiðslu og aðiljayfirheyrslu.